

Miðvikudaginn 6. desbr. 1922.

Nr. 27 og 58/1922.

Rjettvísín

(Björn P. Kalman)

gegn

Guðmundi Þorlákssyni

(L. Fjeldsted)

og

Birni Gunnlaugssyni

(Guðm. Ólafsson).

Svik og skjalafals, og hlutdeild siðarnefnds manns í svikum.

Dómur aukarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 15. apríl 1922:

Ákærði Björn Gunnlaugsson á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í máli þessu.

Ákærði Guðmundur Þorláksson sæti betrunarhússvinnu í 15 mánuði.

Af sakarkostnaðinum ber ákærða Birni Gunnlaugssyni að greiða $\frac{1}{3}$ hluta, svo og varðhaldskostnað hans og ennfremur málsvarnarlaun, 70 kr., til skipaðs talsmanns hans, cand. juris Sveinbjarnar Jónssonar í Reykjavík. — Hinn ákærði Guðmundur Þorláksson greiði $\frac{2}{3}$ hluta sakarkostnaðarins, svo og varðhaldskostnað hans og einnig málsvarnarlaun, 70 krónur, til skipaðs talsmanns hans, cand. juris Steindórs Gunnlaugssonar í Reykjavík.

Loks ber hinum ákærðu, Birni Gunnlaugssyni og Guðmundi Þorlákssyni, in solidum, að greiða til kæranda þessa máls, Þórarins Þorvarðssonar í Reykjavík, kr. 3500,00, ásamt 8% ársvöxtum af upphæð þessari frá 3. janúar þ. á. til greiðsludags.

Dóminum, að því er ídæmda hegningu snertir, að fullnægja lögum samkvæmt, að viðlagðri lagaadför; að því er ídæmdar bætur snertir innan 14 daga frá lögbirtingu dómsins, að viðlagðri lagaadför.

Dómur aukarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. okt. 1922:

Guðmundur Þorláksson á Korpúlfsstöðum í Mosfellshreppi

þæti þriggja mánaða betrunarhússvinnu, sem hegningarauka. — Ennfremur greiði hann allan sakarkostnað.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta var dæmt í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 15. aprilmánaðar þ. á. og áfrýjað til hæstarjettar með stefnu dags. 11. maí þ. á. Var málinu samkvæmt ósk sækjanda í hæstarjetti frestað til þess að fá ítarlegri próf og ný sakargögn. Í framhaldsprófunum játaði ákærði, Guðmundur Þorláksson, á sig ný afbrot, sem ekki komu undir dóm í hjerði, en höfðu verið framin áður en dómur gekk. Var því annað mál höfðað gegn honum fyrir þessi afbrot og hann dæmdur í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. okt. þ. á. í viðbótarhegningu fyrir þau samkvæmt 65. gr. hegningarlaganna. Þessum dómi hefir einnig verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 6. f. m., og hafa bæði málin verið rek-in hjer fyrir rjettinum sem eitt mál væri.

Það er sannað í málinu, að ákærði Guðmundur Þorláksson hefir með blekkingum þeim og svikum, sem lýst er í aukarjettardóminum 15. apríl þ. á., fengið þáverandi kaupamann sinn, Þórarinn Þorvarðsson, til þess að lána sjer 3000 krónur í viðbót við 4500 kr., er hann áður hafði fengið að láni hjá honum, þótt hann hlyti að sjá, að hann hefði engin úrræði til að endurgreiða það, að hann hefir veðsett fleirum en einum sömu gripi, að hann hefir selt öðrum en veðhafa veðsetta lausafjármuni, þannig, að veðhafar misstu veðið, en fengu ekkert af andvirðinu, og að hann hefir selt fjármuni, er hann hafði umráð yfir, en voru ekki eign hans og honum því óheimilt að selja. Andvirðið fyrir þessa seldu fjár-

muni, svo og lánsfje það, er hann fjekk hjá Þórarni, greiddi ákærði að mestu nokkrum skuldheimtumönn-um sínum öðrum fremur á þeim tíma, er hann hlaut að sjá fyrir, að gjaldþrot vofðu yfir honum. Þá er það og upplýst, að ákærði fjekk tvo menn sem útgefanda og ábeking á 3000 kr. víxil með honum sem samþykkjanda og fjekk hann síðan þessum víxli skift fyrir tvo aðra víxla að upphæð 1200 kr. og 1000 krónur. En í stað þess að skila aftur 3000 króna víxlinum eða ónýta hann, eins og áskilið hafði verið, seldi ákærði víxilinn, og urðu ábyrgðarmennirnir að innleysa hann. Þá er það loks sannað, að ákærði hafi ritað í heimildarleysi nafn annars manns á 700 króna víxil og nöfn tveggja manna á 500 króna víxil. Ákærði var samþykkjandi beggja þessara víxla og greiddi sjálfur 500 króna víxilinn.

Þessi afbrot ákærða heyra undir 253., 255., 263. og 271. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin tveggja ára betrunarhússvinna.

Að því undanteknu, að álíta má upplýst, að ákærði Björn Gunnlaugsson hafi að eins í eitt skifti átttal við meðákærða Guðmund Þorláksson og Þórarinn Þorvarðsson báða saman í húsinu nr. 58 við Laugaveg, er afbroti Björns og atvikum, er að því lúta, rjett lýst í aukarjettardóminum 15. apríl þ. á. og verður að líta svo á, að hann hafi gjörst meðsekur í broti Guðmundar, er hann skýrði ekki Þórarni Þorvarðssyni frá hver hann væri eftir að hann fjekk fulla vitneskju um, að Þórarni hafði verið talin trú um, að hann væri bankastjóri og með þeirri blekkingu átti að hafa fje af Þórarni. Þetta brot ákærða Björns heyrir undir 253. gr. sbr. 49. gr. hegningarlaganna og þykir refsingin fyrir það, með hliðsjón

af 51. gr. 2. málsgrein, hæfilega ákveðin fjörutíu daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En þar sem ákærði gerði ítrekaðar tilraunir til að fá meðákærða til þess að hætta við að fremja afbrotið, fjekk loforð hans fyrir því og fjekk engan hagnað, er brotið var síðar framið, og með því að hann áður hefir hegðað sjer vel, játað brot sitt tregðulaust og boðið fram skaðabætur undir rekstri málsins í hjeraði, þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að hegningunni skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef ákærði fullnægir lögmæltum skilyrðum og greiðir skaðabætur samkvæmt ákvæði þessa dóms.

Þá verður og að dæma ákærða Guðmund Þorláksson til að greiða Þórarni Þorvarðssyni í skaðabætur 7500 krónur með 5 % vöxtum frá dagsetningu veðbrjefs hans fyrir skuldinni eða frá 23. júlí f. á., og ákærða Björn Gunnlaugsson til þess að greiða in solidum með Guðmundi 3000 krónur af upphæðinni með sömu vöxtum.

Hinir ákærðu greiði allan sakarkostnað í hjeraði og fyrir hæstarjetti sem síðar segir.

Það athugast, að fullnægjufrestur skaðabóta í aukarjettardóminum er ákveðinn 14 dagar í stað 15 dagar.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Guðmundur Þorláksson sæti tveggja ára betrunarhússvinnu. Ákærði Björn Gunnlaugsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fjörutíu daga, en fullnustu hegningar hans skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef hann heldur skilorð

laga nr. 39, 16. nóv. 1907 og greiðir skaðabætur samkvæmt ákvæði dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Þorláksson greiði skaðabætur Þórarni Þorvarðssyni 7500 krónur með 5 % vöxtum frá 23. júlí f. á., og af þeirri upphæð greiði meðákærði Björn Gunnlaugsson in solidum með honum 3000 krónur með sömu vöxtum.

Ákærði Guðmundur Þorláksson greiði varðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjeraði, cand. jur. Steindórs Gunnlaugssonar, 70 krónur, og til verjanda síns í hæstarjetti, Lárusar Fjeldsted málaflutningsmanns, 100 kr.

Ákærði Björn Gunnlaugsson greiði varðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjeraði, cand. jur. Sveinbjarnar Jónssonar, 70 kr., og til verjanda síns í hæstarjetti, málaflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, 100 krónur.

Allan annan kostnað sakarinnar í hjeraði og í hæstarjetti, þar með talin sóknarlaun, 250 krónur, til skipaðs sækjanda í hæstarjetti, málaflutningsmanns Björns P. Kalman, greiði ákærði Guðmundur Þorláksson, þó þannig, að ákærði Björn Gunnlaugsson greiði $\frac{1}{4}$ hluta hans in solidum með Guðmundi.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur dómains 15. apríl hljóða svo:

Með eigin játningu hinna ákærðu, Guðmundar Þorlákssonar, bústjóra á Korpúlfsstöðum í Mosfellshreppi, og Björns Gunnlaugssonar, kaupmanns, til heimilis í Reykjavík, sem báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, og eigi áður hafa sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt brot gegn hinum almennu hegningarlögum, svo og skýrslu kæranda þessa máls, Þórarins Þorvarðssonar frá Vesturheimi, er þá var kaupamaður ákærða Guðmundar Þorlákssonar, og öðrum gögnum í málinu, virðist það vera nægilega sannað, að meðákærði Björn Gunnlaugsson hafi um eða eftir miðjan júlímánuð f. á., eftir beiðni ákærða Guðmundar Þorlákssonar, komið upp í húseignina nr. 58 B. við Laugaveg í Reykjavík, hvar ákærði Guðmundur Þorláksson þá hjelt til hjá systur sinni, og hafi þá Guðmundur í viðurvist fyrnefnds Þórarins, sem meðákærði eigi þá kveðst hafa þekt fyrir annan, minst á að hann þyrfti að fá reikningslán að upphæð alt að 10 þúsund krónur; gaf þá meðákærði Björn Gunnlaugsson sig ekkert inn á tal um þetta, fyr en ákærði Guðmundur spyr hann um það, hvort sjer muni takast að fá lán þetta í Landsbankanum, að meðákærði ljét í ljós það álit sitt, að honum fyndist það líklegt, ef nægileg trygging væri fyrir láninu, og fór svo út. En litlu síðar þann sama dag kom svo ákærði Guðmundur til hans og segir honum frá því, að hann hafi sagt hinum ókunna manni, er fyr greinir, og sem ætlaði að lána honum peninga, að meðákærði væri bankastjóri Magnús Sigurðsson, og biður hann að vera sjer hjálplegur í þessu tilliti og koma aftur upp í húseignina nr. 50 B við Laugaveg, og varð það úr, að meðákærði fór þangað aftur, og fór þá ákærði Guðmundur Þorláksson þegar að minnst á fyrumgetna reikningslántöku í Landsbankanum, án þess þó að kynna meðákærða fyrir Þórarni sem bankastjóra í þeirra viðurvist, og upp á fyrirspurn ákærða Guðmundar Þorlákssonar þá um það, hvort lánið mundi vera fáanlegt, svaraði meðákærði, að hann hjeldi það, ef trygging væri nægileg fyrir láninu, og er Þórarinn beiddist skriflegrar yfirlýsingar um að lánið fengist, svaraði meðákærði því, að sögn Þórarins, að það væri sjálfsagt, og fór hann síðan frá þeim Guðmundi og Þórarni. En næsta dag hittust menn þessir aftur, að fyrirlagi ákærða Guðmundar Þorlákssonar, á kaffisöluhúsi í Reykjavík, og tók ákærði Guðmundur þegar að ræða um fyrumgetna u, án þess þó að beina nokkurri spurningu til meðákærða, sem aðeins blustaði á útskýringar ákærða um lántökuna. Fór

svo velnefndur Þórarinn Þorvarðsson frá þeim ákærðu í þeim tilgangi að sækja 3000 krónur í Landsbankann af inneign hans þar, er hann ætlaði að lána ákærða Guðmundi Þorlákssyni, en er maður þessi var farinn, tók meðákærður þegar að sýna ákærða Guðmundi fram á, eins og hann þegar í fyrstu hafði gjört, að það væri glæpsamlegt af honum að taka við peningum af manni þessum á þennan hátt, og reyndi að fá hann til þess að falla frá þessu áformi sínu, og fór svo út af kaffisölustaðnum frá Guðmundi, en í dyrunum mætir hann Þórarni, sem segist vera með peningana, og ávarpar meðákærða eitthvað frekar út af því, en hann kveðst þá verða að flýta sjer vegna þess að hann yrði að fara heim til sín Virðist svo sem Þórarinn eigi hafi viljað afhenda Guðmundi lánsfje þetta nema í viðurvist meðákærða, eða eigi nema hann fengi skriflega yfirlýsingu hins svonefnda bankastjóra um að reikningslánið fengist, og fóru þeir því, Guðmundur og Þórarinn, að leita meðákærða uppi, og spurði Guðmundur nokkrum sinnum eftir Birni í húseigninni nr. 15 í Þingholtsstræti, en var jafnan svarað, að hann væri þar eigi, en Guðmundur hafði sagt Þórarni, að hinn svonefndi bankastjóri Magnús Sigurðsson byggi í húseign þessari. Hjeldu þeir svo upp á Skólavörðustíg til Runólfs „nokkurs“ Stefánssonar; hringir Guðmundur þar í talsíma og segir þeim, er hann talar við, að það sje bankastjóri Magnús Sigurðsson, en sá, er hann ávarpaði, var meðákærði Björn Gunnlaugsson, sem spyr Guðmund að því, hvort hann sje alveg vitlaus, en í því rjettir Guðmundur heyrnartólið að Þórarni, sem spyr, hvort eigi sje víst að lánið fáist, og mun Björn hafa borið við annríki, en að sögn Þórarins þó talið víst að lánið fengist. Það er svo fyrst eftir 2—3 daga, að Þórarinn lætur tilleiðast að lána ákærða Guðmundi Þorlákssyni umræddar 3000 krónur í viðbót við áður lánaðar 4500 krónur, og var um það gjörður samningur hjá Stefáni nokkrum Loðmfjörð, er Guðmundur sagði Þórarni að væri lögmaður, og undirskrifuðu þeir Þórarinn og Guðmundur báðir skjal þetta hjá fyrnefndum manni, án vitundarvotta, en brjefið ritaði fyrnefndur Stefán Loðmfjörð að mestu leyti eftir uppkasti, er Guðmundur fjekk honum, og Guðmundur hafði áður sýnt Þórarni heim á Korpúlfsstöðum. Er skjal það, er þeir undirskrifuðu, dagsett 23. júlí f. á., að upphæð 8300 krónur, með veði í öllum eignum ákærða, föstum og lausum, og gjalddagi brjefsins 31. júlí f. á.

Að kvöldi dags þess, er Þórarinn tók út í bankaum fyr-

greindar 3000 krónur, kom Guðmundur Þorláksson til meðákærða Björns Gunnlaugssonar í sölubúð hans, og sýndi hann þá Guðmundi enn á ný fram á, að það væri glæpsamlegt af honum að fá fyrgreinda peninga að láni hjá Þórarni með þeim hætti, er fyr greinir, og varð það úr, að Guðmundur lofaði meðákærða, að hann eigi skyldi taka að láni fje þetta, og daginn eftir, er meðákærði eftir beiðni Guðmundar var staddur hjá honum í húseigninni nr. 58 B við Laugaveg, lýsti hann því yfir að nýju, að hann væri fallinn frá lántöku þessari, og væri ánægður yfir því, að hann hefði hætt við það. Hefir ákærði Guðmundur Þorláksson undir rannsókn málsins kannast við þetta, og játað að hann hafi svikið þetta loforð sitt vegna þess að hann hafi orðið að fá lán þetta. Nokkru eftir að lánið er fallið í gjalddaga, er Þórarinn kallaður í talsíma á Korpúlfsstöðum, og kveðst sá, er símaði, vera bankastjóri Magnús Sigurðsson, og spyr Þórarinn að því, hvort hann eigi ekki að taka á móti láni Guðmundar Þorlákssonar, en lætur þess um leið getið, að bankinn eigi geti veitt lán þetta fyrir en „ríkislánið“ sje fengið, og verði hann að bíða rólegur þangað til. Hefir ákærði Guðmundur Þorláksson kannast við, að hann sjálfur hafi gjört þetta, en eigi meðákærði Björn Gunnlaugsson, en þá að eins skýrt Þórarni frá því, að umrætt reikningslán eigi fengist fyrir en „ríkislánið“ væri tekið, en Þórarinn hugði þetta vera sama mann og Guðmundur hafði sagt honum vera bankastjóra Magnús Sigurðsson. Hefir meðákærði Björn Gunnlaugsson að vísu kannast við, að oftnefndur Þórarinn Þorvarðsson hafi sótt umrætt fje, 3000 krónur, í bankann eingöngu af því, að Þórarinn hafi haldið hann vera bankastjóra og í trausti þess, að Guðmundur fengi reikningslánið, en þar sem hann á hinn bóginn hafi, áður en Þórarinn lánaði Guðmundi fje þetta, verið búinn að fá loforð Guðmundar um að veita því eigi móttöku, og einnig gengið út frá því sem gefnu, að Þórarinn eigi ljeti það af hendi við Guðmund nema að fenginni skriflegri yfirlýsingu hans um það, að reikningslánið fengist; hafi hann verið fullviss um að þessi aðstoð hans, sem fyr greinir, engan árangur gæti haft, enda neitar hann nokkur tíma að hafa gefið Þórarni fulla vissu um það, að reikningslánið fengist.

Að gefnu tilefni af hálfu talsmanns ákærða Björns Gunnlaugssonar hefir rannsókn framfarið um það, hvort oftnefndur Þórarinn Þorvarðsson hafi áður en þetta átti sjer stað, þekt ákærða fyrir annan, og virðist það upplýst vera, að Þórarinn

þessi hafi komið í sölubúð ákærða í erindum fyrir þáverandi húsbónda sinn, en af því verður eigi með neinni vissu ráðið, að Þórarinn hafi þekt ákærða fyrir annan á öðrum stað, þótt hann hafi sjeð hann þar í búðinni, og sjálfur fortækur hann að svo hafi verið, en á hinn bóginn kveðst ákærði Björn Gunnlaugsson áður hafa þekt Þórarinn fyrir annan eða sjeð hann í sölubúð sinni, en eigi munað eftir því, er hann hitti hann hjá Guðmundi. Vottorð geðveikrálæknis liggur fyrir um það, að Þórarinn þessi hafi lengi þjáðst af geðveiki svo greinilegri, „að flestir, sem umgengust hann, gátu naumast komist hjá því að verða veikinnar mjög brátt varir“. Hefur ákærði Guðmundur Þorláksson kannast við að honum hafi þótt maður þessi frábrugðinn öðrum mönnum í umgengni og framkomu, og einnig að hann hafi notfært sjer þetta, er hann lánaði hjá honum fje það, er fyr greinir, og vísvitandi blekt hann með því að veðsetja honum eignir sínar, sem veðsettar hafi verið áður. Meðákærði Björn Gunnlaugsson kveðst þar á móti eigi hafa neitt um geðveiki manns þessa vitað — virst hann vera stiltur og hæglátur maður. Það hefir eigi sannast, að meðákærði Björn Gunnlaugsson hafi aðstoðað ákærða Guðmund Þorláksson í eigin hagsmunum skyni.

Ákærði Guðmundur Þorláksson hefir, auk þess er fyr greinir, einnig kannast við að hafa veðsett fleirum en einum sama hlutinn til tryggingar lánum, er hann hafi fengið, þannig, að veðsetningar þessar hafi komið í bága hver við aðrá, og loks hefir hann játað, að hann í heimildarleysi hafi ritað nafn Sveins bónda Gíslasonar í Leirvogstungu í Mosfellshreppi á víxil útgefinn af föður ákærða, Þorláki Sigurðssyni, 1. maí f. á., og selt víxil þennan, að upphæð 700 kr., til Kaupfjelds Reykjavíkur upp í skuldaviðskifti hans við greint kaupfjeld. Kveðst ákærður að visu þá rjett áður hafa haft í höndum víxil sömu upphæðar og í sama gjalddaga, útgefinn af föður hans og samþykkan af honum sjálfum, og með eiginhandar nafni fyrnefnds Sveins Gíslasonar sem ábekings á víxli þessum, en víxill þessi segir hann að eyðilagst hafi í veski hans af „kopi“-bleki, er áður hafi komist í veskið, og hann þýi kastað honum eða eyðilagst hann, en í trausti til væntanlegs samþykkis fyrnefnds Sveins Gíslasonar ritað svo nafn hans á hinn nýja víxil, sem hann svo hafi ætlað að tilkynna honum, en það farist fyrir, en því hefir oftnefndur Sveinn Gíslason neitað eindregið, að hann um þessar mundir hafi nokkur tíma verið á víxli með ákærða Guðmundi Þorlákssyni,

þrátt fyrir það þótt ákærði hafi tilgreint nánar stað og stund, er þetta hafi átt að eiga sjer stað.

Með brjefi stjórnarráðsins, dags. 10. desbr. f. á., er fyrirskipað, að sakamál skuli höfðað gegn þeim Guðmundi Þorlákssyni og Birni Gunnlaugssyni.

Virðist brot hins fyrnefnda heyra undir 253., 255. og 271. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og hegning sú, er hann hefir tilunnið fyrir afbrot þessi hæfileg, eftir atvikum 15 mánaða betrunarhússvinna.

Afbrot meðákærða Björns Gunnlaugssonar, eða verknaður hans, virðast heyra undir 253. gr. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 49. gr. sömu laga, en þar sem hann samkvæmt framansögðu af sjálfsdáðum hefir fengið ítrekað loforð forgöngumanns afbrotsins, um að falla frá lántöku þeirri, er fyr um ræðir, og lánveitingin fer fram á annan hátt, en hann gat búist við í fyrstu, og honum óafvitandi, virðist eftir atvikum mega telja hann vítalausan vera samkvæmt 51. gr. hinna almennu hegningarlaga, og ber því að sýkna hann fyrir ákæru af hálfu rjettvisinnar í máli þessu, en málskostnaður að $\frac{1}{3}$ hl., og auk þess málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, er teljast hæfileg 70 krónur, virðist eftir atvikum rjett vera að greiðist af ákærða Birni Gunnlaugssyni, og enn fremur varðhaldskostnaður hans.

Ákærði Guðmundur Þorláksson greiði $\frac{2}{3}$ hl. kostnaðar af málinu, og að auki málsvarnarlaun, 70 kr., til skipaðs talsmanns hans í málinu, svo og varðhaldskostnað hans.

Þá hefir fyrnefndur Þórarinn Þorvarðsson eða umboðsmaður hans, B. P. Kalman í Reykjavík, gjört þá kröfu í málinu, að hinir ákærðu, Guðmundur Þorláksson og Björn Gunnlaugsson, verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 7500,00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 3000,00 frá 1. júní f. á., af kr. 1500,00 frá 9. júní s. á., og af kr. 3000,00 frá 23. júlí s. á., alt til greiðsludags, og að honum enn fremur verði dæmdar skaðabætur fyrir atvinnutjón það og kostnað, sem hann hafi haft af máli þessu, minst 1000 krónur, eða aðra upphæð eftir mati dómarsins.

Að því er ákærða Guðmund Þorláksson snertir, er það vafalaust, að honum ber að greiða að fullu lán þau, þrjú að tölu, samtals kr. 7500,00, er fyr um getur, enda hefir hann eigi undir rekstri máls þessa hreyft neinum mótmælum gegn greiðslu upphæðar þessarar nje umkrafðra vaxta af henni, en að því er ákærða Björn Gunnlaugsson snertir, þá verður eigi álitíð, að

honum beri nein lagaleg skylda til að endurgreiða lán þau, samtals kr. 4500,00, er Þórarinn veitti ákærða Guðmundi Þorlákssyni 1. og 9. júní f. á., sem hann eigi að neinu leyti var við riðinn, og heldur eigi af lánveitanda eða umboðsmanni hans færð næg rök fyrir því, að ákærði Björn Gunnlaugsson með síðari framkomu sinni hafi orsakað það, að lánveitandinn eigi hefir fengið upphæð þessa greidda. Að öðru leyti eru hin tvö fyrstgreindu lán máli þessu óviðkomandi.

Á hinn bóginn virðist rjett vera, að ákærði Björn Gunnlaugsson gjaldi óvarkárni sinnar að tilkynna eigi lánveitanda Þórarni Þorvarðssyni, er hann með framkomu sinni sem bankastjóri hafði vakið hjá að visu óvissa von um reikningslán til handa Guðmundi Þorlákssyni, að Guðmundur þessi gagnvart honum hefði bundist lofordum um að taka eigi að láni þær 3000 krónur, er hann fjekk hjá lánveitanda 23. júlí f. á., og sem hann einnig á sínum tíma hefir boðið lánveitanda greiðslu á, ásamt 500 kr. í skaðabætur, og virðist því rjett vera, að skylda ákærðu Björn Gunnlaugsson og Guðmund Þorláksson in solidum að greiða fyrnefndum Þórarni Þorvarðssyni þessar samtals kr. 3500,00, með 8% ársvöxtum frá 3. janúar þ. á., eða stefnudegi, að telja, til greiðsludags, eða einn fyrir báða og báðir fyrir einn.

Það vottast, að rekstur málsins í hjerði hafi verið lögmætur.

Forsendur dóms 28. okt. hljóða þannig:

Með aukrjettardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 15. apríl þ. á. í málinu: Rjettvísinn gegn Guðmundi Þorlákssyni og Birni Gunnlaugssyni, sem áfrýjað hefir verið til hæstarjettar, en þar eigi útkljáð enn þá, er fyrnefndur Guðmundur Þorláksson, auk málskostnaðar og skaðabóta, dæmdur í 15 mánaða betrunarhússvinnu fyrir svik og skjalafölsun, en við framhaldsrannsókn, er haldin hefir verið að tilhlutun sækjanda máls þessa í hæstarjetti, hefir maður þessi játað, að hann á síðastliðnu ári, eða áður en dómur gekk í hjerði, hafi, auk áður ídæmdra afbrota, í heimildarleysi ritað nöfn þeirra Ársæls bóksala Árnasonar og Jóns Ólafssonar, bifreiðarstjóra í Reykjavík, á 500 kr. víxil, er hann svo seldi manni í Reykjavík, sem, þegar víxillinn fjell í gjalddaga, krafðist innlausnar á honum hjá fyrnefndum mönnum, en þeir neituðu greiðslu á honum, þar þeir eigi hefðu ritað nöfn sín á víxil þennan.

Ennfremur hefir ákærði undir fyrumgetinni framhalds-

rannsókn kannast við að hafa selt 3000 kr. víxil með eiginuöfn-
um fyrnefndra manna eftir að samkomulag hefði orðið á milli
hans og þeirra, eftir hans eigin tilfælingum, að víxlar að upphæð
1000 kr. og 1200 kr. yrðu útgefnir í stað fyrgreinds víxils, er
þá yrði eyðilagður, og sem þá var í vörslum ákærða, en sem
svo seldi víxil þennan ásamt hinum tveimur, eins og fyr greinir.

Hafa fyrnefndir menn að vísu kannast við, að þeir hvor
um sig hafi látið uppi við ákærða, er hann kannaðist við afbrot
sitt, að því er hinn falsaða víxil snertir, að þeir eigi fyrir sitt
leyti myndu telja honum þetta til sakar, ef hann greiddi víxil-
upphæðina sjálfur, sem hann og gjörði. Ennfremur er það upp-
lýst, að menn þessir hafi framlengt fyrgreindan 3000 kr. víxil
með ákærða sem samþykkjanda.

Þessi afbrot ákærða virðast heyra undir ákvæði 255. og
271. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og virð-
ist viðbótarhegning sú, er hann fyrir þau hafi tilunnið, eftir at-
vikum, og með hliðsjón af 65. gr. hegningarlaganna, hæfileg,
betrunarhússvinna í 3 mánuði, svo ber og að dæma ákærða til
þess að greiða sakarkostnað allan. Skaðabóta hefir eigi verið
krafist undir rekstri málsins.

Það vottast, að rekstur málsins í hjerði hafi verið lögmætur.

Mánudaginn 11. desbr. 1922.

Nr. 22/1922.

Ólafur Friðriksson

(P. Magnússon)

gegn

Stjórn Íslandsbanka

(L. Fjeldsted).

Meiðyrðamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. mars
1922:

Framantalin meiðandi og móðgandi ummæli um stefnanda,
stjórn Íslandsbanka, eiga að vera dauð og ómerk